



**Formentera**  
Illes Balears

FORMENTERA  
GRÆNI HRINGURINN

# GRÆNI HRINGURINN

Edita i publica:

Consell Insular de Formentera

Gener 2016

Dipòsit legal:

DL F 57-2016





# GRÀNI HRINGURINN



- 1** > LA SAVINA - SES ILLETES
- 2** > LA SAVINA - SANT FRANCESC - ES PUJOLS
- 3** > LA SAVINA - CALA SAONA
- 4** > SANT FRANCESC - SES ESCOLES - CAN MARROIG
- 5** > CAN MARROIG - PUNTA DE LA GAVINA
- 6** > SANT FRANCESC - PORTOSSALE
- 7** > SANT FRANCESC - SES BARDETES - CALA SAONA
- 8** > SANT FRANCESC - SES BARDETES - FAR DE BARBARIA
- 9** > ES CAP - PUNTA RASA
- 10** > SANT FRANCESC - SES BARDETES - FAR DE BARBARIA
- 11** > ES MAL PAS - FAR DE BARBARIA
- 12** > ES CAP - TORRENT DE S'ALGA
- 13** > SANT FRANCESC - ES MAL PAS
- 14** > ES PUJOLS - ES MAL PAS
- 15** > SANT FRANCESC - LA MOLA
- 16** > SANT FRANCESC - SANT FERRAN
- 17** > SANT FERRAN - ES PUJOLS - ESTANY PUDENT
- 18** > SANT FERRAN - ES PUJOLS - PUNTA PRIMA
- 19** > ES PUJOLS - SES ILLETES
- 20** > ES PUJOLS - ES CA MARI
- 21** > SANT FERRAN - CALA EN BASTER - PLATJA DE MIOJORN
- 22** > SANT FERRAN - ES CA MARI
- 23** > ES CARINATGE - ES ARENALS
- 24** > ES CALÓ - EL PILAR DE LA MOLA
- 25** > RACÓ DE SA PUJADA - ES RAM
- 26** > EL PILAR DE LA MOLA - S'ESTUFADOR - ES RAM
- 27** > EL PILAR DE LA MOLA - PUNTA ROJA
- 28** > EL PILAR DE LA MOLA - FAR DE LA MOLA
- 29** > EL PILAR DE LA MOLA - ES MONESTIR
- 30** > EL PILAR DE LA MOLA - SA CALA
- 31** > EL PILAR DE LA MOLA - SA CALA
- 32** > PLA DE LA MOLA



Informació turística  
Información turística  
Information office



Platja  
Playa  
Beach



Vista panoràmica  
Vista Panoràmica  
Panoramic views



Església  
Iglesia  
Church



Molí  
Molino  
Mill



Torre de defensa  
Torre de defensa  
Defense tower



Casets varador  
Embarcadero  
Quays



Abirament d'aus  
Observació de aus  
Birdwatching



Explotació vinícola  
Explotación vinícola  
Winegrowing







# GRÆNI HRINGURINN

## Eyjan óendanlega

Formentera þýðir kyrrð fyrir þau sem þekkja eyjuna. Heimsókn á Formentera þýðir að forgangsraða, skilja eftir hamagang borgarinnar, amstur daganna og tileinka sér annan takt. Það bætir um betur þegar eyjan er skoðuð gangandi eða á hjóli. Þannig er hægt að komast að stöðum sem ekki sjást af veginum, njóta eyjunnar frá öðru sjónarhorni og kynnst ósnortinni Formentera á umhverfisvænan hátt.

Margir segja Formentera vera litla eyju sem hægt sé að kynnst keyrandi á litlum tíma. Þau sem hafa farið um stígana, sem hafa leyft sér að tynast á leiðinni og hafa séð landslagið líða hjá með hægum takti hjólsins, vita að þetta er eyja sem engan endi tekur. Við bjóðum ykkur að kynnst þessari eyju með því að velja um 32 grænar gönguleiðir\*, samanfléttuðum stígum sem samanlagt eru yfir 100 km langir og er hægt að fara flesta þeirra hjólandi. Hér á eftir er leiðarlýsing hvers stígs ásamt upplýsingum um áhugaverða staði, náttúru- og menningarlegt gildi þeirra og landfræðilegum upplýsingum.

## TÁKN:



ÚTSÝNISSTAÐUR



NÁTTÚRUVENDARSVÆÐI



STRÖND



MYLLA



KIRKJA



SALTNÁMUR



VITI



VARÐTURN



FÍKJUTRÉ



BRYGGJUR



ÁHUGAVERÐIR STAÐIR  
FORNLEIFAR



FUGLASKOÐUN



BÚFÉNAÐUR



GRJÓTNÁMA



STEINHLEÐSLA



VÍNÆKT

# 1 LA SAVINA - SES ILLETES

 50 min  15 min



- FJARLÆGB: 3.400 m.
- HÆÐARMUNUR: 4 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 19
- ÁHUGAVERÐIR STADIR:



Þessi gönguleið hefst í hafnarbænum La Savina og liggur hún um sögu-slóðir saltnámunnar. Við leggjum upp frá saltnámunum sem voru aðaltekjulind eyjarinnar fyrir tíma ferðaiðnaðarins, sem leið liggur um Sa Sequi, skurðinn sem grafinn var til þess að veita sjó á stöðnuð vötnin við Estany Pudent. Við höldum áfram eftir Sa Guia-veginum og njótum útsýnisins yfir einitrén sem eru einkennandi fyrir eyjuna, sandgróður og túrkislit vötn. Einnig getum við notið Moli de Sal, þar sem saltið var fermt til útflutnings.

Fyrsta ströndin sem verður á vegi okkar er Cavall d'en Borràs, en hún er einstök vegna tærleika hafsins sem gefur henni yfirbragð náttúrulegrar laugar. Næsta strönd er hin fræga Ses Illetes sem dregur nafn sitt af öllum eyjunum sem liggja úti fyrir ströndinni. Ef við hættum okkur lengra er hægt að halda áfram eftir Es Trucadors, sandtungunni sen sameinar vestur- og austurhluta eyjunnar. Á þessari leið skiptast á stigar, sandur og klettur, með hafið beggja vegna. Við enda leiðarinnar sést út að eyjinni S'Espalmador.





## 2 LA SAVINA - SANT FRANCESC - ES PUJOLS

 85 min  30 min



- FJARLÆGD: 5.600 m.
- HÆÐARMUNUR: 23 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 17
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið hefst við höfnina í La Savina og liggur í kringum salta stöðuvatnið sem þekktist undir nafninu Estany Pudent. Þar sjáum við Ses Salinas en bleikir og fjólubláir litirnir eru einkennandi fyrir lönið yfir sumartímann. Lönið er eitt af menningjarminjum Formentera enda var saltnáman eini iðnaður eyjunnar fyrir tíma ferðaiðnaðarins.


Á þessari leið förum við um Es Brolls, sem liggur meðfram stórum hluta vatnsins, sem er einstakur staður fyrir gönguferðir. Eins og nafnið gefur til kynna eru vatnsstrókar með fersku vatni undir yfirborði lönsins sem skapa kjöraðstæður fyrir varplendi fugla. Á veturna eru venjulega hægt að skoða flamingóa, hegra og stökkendur. Í þessu sérstaka umhverfi má finna sef, reyrtílkka og annan gróður sem vex í fersku vatni en einnig saltþolnar plöntur, og er því hér hægt að njóta sjávarfittja.

Í þessum hring er hægt að taka krók og kynnst í leiðinni höfuðstað Formentera, Sant Francesc Xavier og einnig strandbænum Es Pujols.



### 3 LA SAVINA - CALA SAONA

95 min 35 min



- FJARLÆGD: 5.500 m.
- HÆÐARMUNUR: 52 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 4, 6, 7
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið tengir La Savina við Cala Saona um svæðið við Porto-salé. Ferðin hefst hjá Estany des Peix, litlu lóni sem sameinast sjónum um lítinn skurð en það gerir minni bátum kleift að sigla um lónið og mótar það einkennandi útsýni fyrir eyjuna. Þetta er einnig kjörinn staður til þess að æfa vatnaþróttir eins og kajakróður og seglbretti.

Leið okkar liggur um sveitalandslag sem einkennist af steinhleðslum og hefðbundnum byggingum. Eftir því sem við nálgumst áfangastað okkar kemur einstakt útsýni af hömrunum okkur enn og aftur á óvart. Ferðinni lýkur við Cala Saona, náttúrulegan flóa sem umkringdur er lágum hömrum. Frá hömrunum sjást vel varðveittar bryggjur. Andstæðurnar á milli rauðleitra klettanna og túrkislitar sjávar eru undraverðar.

Til þess að binda endi á ferðin stingum við upp á að sjá sólarlagið frá Cala Saona. Á góðum dögum glittir í meginlandið.



## 4 SANT FRANCESC - SES ESCOLES - CAN MARROIG

 60 min  20 min



- FJARLÆGD: 3.900 m.
- HÆÐARMUNUR: 39 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 3, 5
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi friðsama gönguleið tengir bæinn Sant Francesc Xavier við Tülkunarmiðstöðina í Can Marroig. Upphafspunkturinn er Porto-salé-breiðgatan, sem leiðir okkur að Estany des Peix. Þetta litla lón sem tengist sjónum um lítinn skurð, er körin staður til þess að æfa vatnaþróttir. Hitastig lönsins er aðeins hærra en hitastig sjávar, dýpið er ekki mikið og er það því fullkominn staður til þess að eiga stund með börnum.

Við höldum áfram eftir stignum sem liggur meðfram lóninu og að Can Marroig. Búgarðinn eignaðist Mallorca-búinn Antoni Marroig sem kom þar á nýmóðins vökvunarkerfi í lok 19. aldar. Í dag er búgarðurinn upplýsingarmiðstöð fyrir gesti og gangandi, en þar má fræðast um umhverfið. Búgarðurinn opnaði 2009 og unnu aðstandendur hans til verðlauna fyrir endurgerðina vegna sjálfbærni (*Construccion sostenible de Castilla y León*). Hér er hægt að njóta skugga furu- og eintrjánna, hvíla lúin bein og fara í lautarferð.

## 5 CAN MARROIG - PUNTA DE LA GAVINA

30 min 10 min





- FJARLÆGD: 2.000 m.
- HÆÐARMUNUR: 9 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 4
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Það sem greinir gönguleið 5 frá öðrum leiðum er að hún liggur um hluta norðvestur strandarinnar að turninum í La Gavina. Leiðin hefst í Tülkunarmiðstöðinni í Can Marroig, sem er staðsett í skóglendi og stingur í stúf við eyðimerkurlandslag seinni hluta leiðarinnar. Þetta er staður sem gæti verið á tunglinu, alsettur klettum og furðulegum klettamyndunum. Áður fyrr var hér grjótnáma þar sem kalksteinn var unnin úr jörðu, sem svo var notaður í húsin á eyjunni. Þessi ganga liggur um brettar brekkur og er aðgengi að sjó er erfið, en umbunin felst í óviðjafnanlegu útsýni yfir eyjarnar Es Vedrà, Es Vedranell og Eivissa

Að lokum komum við að La Gavina-turninum sem byggður var 1762 til 1763. Hann er einn af fimm varðturnum eyjarinnar og er hann hluti af gamla varnarkerfinu. Úr turninum voru gefin varnarkerki, í formi elds eða reyks, þegar sjóræningjar herjuðu á eyjuna.





## 6 SANT FRANCESC - PORTOSSALÉ



40 min



15 min




- FJARLÆGD: 2.300 m.
- HÆÐARMUNUR: 20 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 3
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi stutta gönguleið er rétt rúmir 2 km og hefst hún í Ses Eres-garðinum sem er á bakvið kirkjuna í Sant Francesc Xavier, við hlið gamla kirkjugarðarins sem nýlega hefur verið uppgerður. Í framhaldi göngum við upp hinn vinsæla stig að Dalt de Porto-salé og marka Sa Miranda-myllurnar upphaf hans. Sú fyrsta er einkaheimili en þá næstu, En Jeroni-mylluna, er auðvelt að skoða. Þessi mylla er ein af sjö myllum sem notaðar voru í hveitvinnslu og voru byggðar í lok 18. aldar. Turninn er mjög vel varðveittur. Myllusteinarnir eru til sýnis fyrir utan mylluna.

Þegar við höldum áfram tekur við stórkostlegt útsýni yfir Estany des Peix og La Savina, Eivissa-eyju og eyjukrillisins Es Vedrá. Við förum um sveitir Formentera, sjáum hús með gördum, vinnrækt, kornakra og hefðbundinn arkitektúr. Ef við viljum er hægt að fara niður að sjó því þessi rólegi stigur tengist við leið 3, sem endar í Cala Saona.



## 7 SANT FRANCESC - SES BARDETES - CALA SAONA

65 min 20 min




- FJARLÆGD: 3.700 m.
- HÆÐARMUNUR: 54 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 3, 8, 10
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessa gönguleið er hægt að fara ef fólki hugnast ekki að fara um veginn til þess að komast frá Sant Francesc Xavier til Cala Saona. Lagt er af stað frá þorpinu til suðurs, eftir götunni sem leiðir okkur að þorpinu Ses Bardetes. Þegar því sleppir höldum við áfram í austurátt um stiga sem liggja um búræktarsvæði með gördum, furu- og einiskógum og ræktuðum ökrum, þangað til ströndinni í Cala Saona er náð. Á þessari þægilegu göngu vekja hús í hefðbundnum byggingarstil athygli og steinhleðslurnar umhverfis þau. Þessar hefðbundnu steinhleðslur voru hlaðnar af íbúum eyjarinnar áður fyrr og voru notuð til þess að marka landið, vernda gróður gegn vindi og sem girðing til þess að varna því að búfénaður slyppi í gegn. Þegar akur var undirbúin undir rækt voru steinarnir teknir sem féllu af notaðir í hleðslu.

Leið okkar endar í Cala Saona sem þekktist af túrkislit sjávar, í hrópandi andstæðu við rauðan lit klettanna.








165 min



60 min



- FJARLÆGD: 9.600 m.
- HÆÐARMUNUR: 73 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 7, 9, 10, 11
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Eyðimerkurlandslag, vegur sem teygir úr sér, í fjarska viti fyrir miðju og blámi hafsins í bakgrunni er þekkt mynd úr hugmyndaheimi kvikmyndanna. Vitinn sem gegnir aðalhlutverki í þessum ramma sem fangaður var af Julio Medem í kvikmyndinni „Lucia y el sexo“ er sá hinn sami og er á Es Cap de Barbaria, á suðvestur odda eyjarinnar. Þessi leið sem hefst í San Francesc liggur í suður að vitanum.

Þegar við erum komin úr þorpinu liggur leiðin um sveitir Formentera, um gróna akra með möndlutrám, vinrækt og fíkjum, sem afmarkaðir eru steinhleðslum. Síðasta hluti leiðarinnar fer um skóglendi sem svo skyndilega breytist í hrjóstrugt landslag. Es Cap-tanginn er einnig þurr og hrjóstrugur, gróðurinn einkennist af rósmarín-runnum, fenníku og blóðbergi. Áður fyrr var þessi staður skógi vaxinn en mikið skógarhögg hefur sett sitt mark á tangann. Í bakgrunni rís vitinn. Þegar við komum að honum er á hægri hönd stígur sem leiðir að hellinum fræga sem birtist í kvikmynd Medem, og er þar hægt að njóta undurfagurs útsýnis yfir hafið. Í góðu skyggni grillir í fjöll meginlandsins.

## 9 ES CAP - PUNTA RASA

 30 min  10 min



- FJARLÆGD: 2.200 m.
- HÆÐARMUNUR: 35 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 8
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið er sú eina sem liggur um vesturhluta Es Cap. Á þessari stuttu leið er hægt að kynna margskonar hliðum eyjarinnar því skammt er á milli mikilla andstæðna í landslagi: sveitar, skóglendis uppsveitanna og kletta strandarinnar.

Fyrsti hluti ferðarinnar liggur um ræktarlönd á þurkasvæðum og er meirihluti þeirra í eigu íbúa eyjarinnar. Skuggsældin undir stórum greinum fikjutrjána er nýtt til hins ýrasta og bætt um betur með þar til gerðum stoðum, til þess að skapa skugga fyrir búfenað og auðvelda tinslu fikjanna. Á stundum virðist tíminn hafa staðið í stað á Es Cap. Eftir því sem við nálgumst lokaáfangastað okkar breytist umhverfið: rauðir klettarnir á Punta Rasa taka við af grænum lendum sveitarinnar. Frá bröttum hömrnunum er útsýnið stórkostlegt. Beint af augum sjást litlu eyjarnar Es Vedrá og Eivissa, til hægri handar er Cala Saona með dæmigerðu bryggjunum og hvítum ströndum. Andstæðufullt landslag sem gagntekur ferðalanginn.





# 10 SANT FRANCESC - SES BARDETES - FAR DE BARBARIA

165 min 55 min



- FJARLÆGD: 9.400 m.
- HÆÐARMUNUR: 63 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 7, 8, 11, 12
- ÁHUGAVERÐIR STADIR:



Þessi gönguleið sem er rúmlega 9 km löng liggur meðfram veginum um rólega svæðið við Can Parra, á miðri leið er stefna tekin eftir fornu leiðinni sem liggur að Es Cap og endar hún við þekkta varðturninn Es Garroveret.

Þegar við förum um Can Parra kynnumst við sveitinni á Formentera, með steini hlöðnu veggjunum sem afmarka túnin, hefðbundnum húsunum og hjörðum bændanna. Þegar við förum yfir veginn fylgjum við gamla stignum að Es Cap sem gefur okkur færi á að gleyma öllum skarkala um stund.

Við stefnum ávallt í suður meðfram veginum, og þá komum við að forsögulegu minjunum á Es Cap de Barbaria. Allt svæðið var fullbyggt á bronsöld (um 1600-1000 f.kr.), hægt er að sjá ummerki um allt að tuttugu byggðir og hafa þrjár þeirra verið rannsakaðar. Cap de Barbaria II er stærst þeirra, en það er flókin bygging sem er samsett úr mörgum ólíkum samföstum rýmum. Cap de Barbaria I og II eru einfaldari byggingar, en allar minjarnar er hægt að skoða og eru þær vel merktar.

# 11 ES MAL PAS - FAR DE BARBARIA

170 min  60 min



- FJARLEGD: 9.700 m.
- HÆÐARMUNUR: 94 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR 8, 10, 12, 13, 14
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið er þriðji möguleikinn sem hægt er að velja um til þess að komast að Es Cap-vitanum og að varðturninum Es Garroveret. Sérkenni þessarar leiðar eru sú að hún liggur um Es Mal Pas, ósnert svæði sem umlukið er furu- og einiskógi og eftir steini hlöðnum krákustigum. Stuttu eftir að lagt er upp förum við yfir Torrent de S'Alga, skorning sem liggur út að sjó og fyllist af vatni á rigningartímum. Staðurinn er mjög sérstakur með gömlu bryggjunum sem eru yfirlýstar menningarmínjar, og berum greinum einitriáanna sem notaðar eru til þess að þurrka fisk í sólinni, sem svo er notaður í "peix sec". Auk þess er hæðan hægt að njóta einstaks útsýnis yfir La Mola og Migjorn-ströndina.

Leið okkar heldur áfram til suðurs þangað til við komum að veginum sem höldum áfram eftir að Es Cap. Þá erum við komin að svæði sem er dæmigert fyrir sveitir eyjunnar: hefðbundin hvít hús með grænum og bláum gluggum, steinhleðslum, fikjutrjám og vínraekt, geitum og kindum. Síðast hluti leiðarinnar er eftir veginum sem leiðir okkur að Es Cap de Barbaria-vitanum og varðturninum til vinstri, fram hjá forsögulegu minjunum.



## 12 ES CAP - TORRENT DE S'ALGA

 30 min  10 min



- FJARLÆGD: 1.800 m.
- HÆÐARMUNUR: 38 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 10, 11
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Það eru einungis um tveir kílómetrar um stígin sem liggur hornrétt frá veginum að Es Cap, og leiðir okkur að einum af minnst þekktu staðnum en þó þeim sérstakasta á eyjunni: Torrent de S'Alga. Við förum frá krossgötunum við Es Cap og höldum í átt að Camí de Can Parra um stíg með steinhleðslum á báða vegu. Þessi stigur, sem liggur í krókaleið kemur á óvart í hverri beygju, er einnig farvegur: ekki er mikið rennsli í honum en þó alltaf eitthvað rigningarvatn sem rennur í átt til sjávar.

Á endanum komumst við að Torrent de S'Alga, sem einkennist af vel varðveittum bryggjum þar sem fiskimenn geyma báta sína. Athygli vekja þurrar einigreinarnar sem festar eru í klettina við sjóinn. Fiskar með smáum trjáfleygum hanga úr greinunum, en það er hefðbundin vinnsluáferð sem fiskimennirnir nota til þess að þurka fiskinn og geyma út allt árið. Þegar hann er orðinn þurr er hann ristaður yfir eldi, hann flakaður og settur í glerkrúkkur með ólífufolíu, og erum við þá komin með "peix sec", meginuppistöðuna í vinsæla sveitasalatinu sem hægt er að panta sér á öllum veitingastöðum eyjunnar.



# 13 SANT FRANCESC - ES MAL PAS

 45 min  15 min



- **FJARLÆGD:** 2.800 m.
- **HÆÐARMUNUR:** 31 m.
- **ERFIDLEIKASTIG:** Létt
- **TENGLAR:** 11, 14
- **ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:**



Lagt er af stað frá Sant Francesc Xavier í átt að Es Mal Pas til þess að fara eftir vegi sem er, þótt malbikaður sé, enn rétt eins og fornu vegirnir, þröngur, óreglulegur, þétt upp við steini hlaðna veggina, með hefðbundnum húsum á við og dreifð, litlum matjurtargörðum og akurlendum. Á fyrsta hlutanum og jafnframt þeim síðasta, áður en komið er í skóginn, getum við notið fikjutríða og jóhannesarbrauðtríða, sem mynda góða skugga undir miklum og stöðum styrktum krónum. Þessi hefðbundna aðferð er einkennandi fyrir eyjuna og er hún dæmi um sjálfbæra þróun í sinni bestu mynd.

Áður en við ljúkum þessari ferð okkar, er hægt að hvíla sig á hitanum á milli furutríðanna. Að lokum komum við að Migjorn-ströndinni, en vegna þess hve hún er löng er öruggt að við finnum rólegan stað, jafnvel á háannatímabilinu.

Þess að auki er algengara að vindur blási úr austurátt á sumrin, og því er yfirleitt gott skjól á suðurströndinni. Eftir endilangri ströndinni er að finna veitingastaði sem bjóða upp á hefðbundin mat sem byggist aðallega á hrisgrjónum og fiski og stöku bar. Það er ekki að ástæðulausu að þessi strönd er mikið sótt af íbúum eyjarinnar.



# 14 ES PUJOLS - ES MAL PAS

75 min 25 min



- FJARLÆGD: 4.200 m.
- HÆÐARMUNUR: 20 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 11, 13, 15, 16, 17
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið er besta tengingin á milli Es Pujols og Migjorn-strandarinnar, þar sem leiðin er bein og þó nokkuð styttri en vegurinn. Við hefjum ferð okkar í Es Pujols, sem er aðal áfangastaður ferðamanna á eyjunni og er hann velsóttur og líflegur á sumrin. Hér er meginþorri allrar þjónustu fyrir ferðamenn, hótél, íbúðir, veitingastaðir og tómstundagaman, fisku- og minjagripabúðir, markaður... Auk þess er góð strönd í Es Pujols með litlum eyjum úti fyrir, klettum og fiskikofum sem gefa henni myndrænt yfirbragð.

Við förum eftir Camí de Ses Vineyes sem tengir Es Pujols við Sant Ferran de ses Roques sem eins og nafnið gefur til kynna er umkringt vinvæktarlöndum á báða bóga. Við förum hjá Can Teuet-myllunni, sem er sú elsta á Formentera, byggð 1773. Að lokum komum við að Es Mal Pas þar sem varðturninn Es Pi des Catalá stendur. Þetta er einn af fimm varðturnum eyjarinnar, en allir eru þeir sömu gerðar, hringlaga, með tveimur hæðum og af þryggisástæðum með aðgengi að annari hæðinni.

# 15 SANT FRANCESC - LA MOLA

 135 min  45 min





# 15 SANT FRANCESC - LA MOLA

 135 min  45 min



- **FJARLÆGD:** 9.000 m. · **HÆÐARMUNUR:** 26 m.
- **ERFIDLEIKASTIG:** Létt · **TENGLAR:** 14, 16, 20, 21,
- **ÁHUGAVERÐIR STADIR:** 22, 23, 25



Gönguleið 15 er einn af lengstu stígunum grænu, en hún tengir Sant Francesc Xavier við La Mola. Í byrjun leggjum við upp frá gamla veginum sem lá að La Mola meðfram aðalveginum sem er malbikaður að hluta til. Á þessari göngu sjáum við hefðbundið sveitalandslag: steini hlaðna veggj, búfé og stoðum styrkt fikjutré, sum af stærri gerðinni. Þessi forna aðferð gegnir margþættu hlutverki, til þess að mynda skugga fyrir búfénað, koma í veg fyrir að greinar skjóti aftur rötum, auðvelda tinslu fikjanna, koma í veg fyrir að geitur og kindur komist í fikjurnar og varna því að sterkur vindurinn nái að eyðileggja trén. Stærsta fikjutréd er Can Maestre, sem kallað er “Blanca d'en Mestre”, og undir trjákrónu þessa trés er að finna stórt rými sem haldið er upp með greinum og jární. Þessi aðferð hefur verið rannsökuð af arkitektinum Marià Castelló sem fædd er á Formentera, og er hún dæmi um „tilbúna-lífcræna“ aðferð.

Áður en við komum að Es Caló er hægt að skoða kastalann í Can Blai, leifar af varðbyggingu frá rómverskum tíma. Þegar haldið er áfram eftir aðalveginum komum við í fiskiþorpið Es Caló de Sant Agustí. Mælt er með því að höfnin sé heimsótt og hefðbundnu veitingastaðirnir. Þegar haldið er áfram eftir leið 15 er komið að áfangastað sem er upphafsstaður leiðarinnar að Sa Pujada sem leiðir okkur að El Pilar de La Mola.

# 16 SANT FRANCESC XAVIER - SANT FERRAN DE SES ROQUES

 30 min  10 min



- FJARLÆGD: 1.800 m.
- HÆÐARMUNUR: 9 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 14, 15
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Gönguleið 16 er gamli vegurinn sem tengdi Sant Francesc Xavier við Sant Ferran de ses Roques. Leið okkar liggur hefst í höfuðstað Formentera, Sant Francesc, þar sem hægt er að heimsækja kirkjuna, þjóðfræðisafnið, sýningu í sal sveitarfélagsins sem er við sama torg eða rétt hjá Gabrielet, þar sem einnig má finna sveitamarkað með ávöxtum og grænmeti úr nálægðum byggðum. Kirkjan er íburðalaus og einföld vegna þess að upphaflega var hún byggð sem virki á tíma sem sjóræningjar réðu lofum og lögum. Í þorpinu má einnig finna litlu kapelluna sa Tanca Vella, frá 1369.

Við förum frá Sant Francesc í átt að þorpinu Sant Ferran de Ses Roques um forna veginn Vell de La Mola, í stað þess að fara eftir aðalveginum. Á leiðinni er hægt að njóta sveitalandslagsins, Can Teuet-myllunnar sem er sú elsta á Formentera, sjá hefðbundin akritektúr, akurlendi og litlar hjarðir. Við endum leiðina í Sant Ferran de ses Roques þar sem kirkjan er sú minnsta af þremur kristnum kirkjum eyjarinnar.





# 17 SANT FERRAN - ES PUJOLS - ESTANY PUDENT

 35 min  10 min



- FJARLÆGB: 2.200 m.
- HÆÐARMUNUR: 22 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 2, 14
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið tengir ekki aðeins saman byggðirnar í Sant Ferran de ses Roques við Es Pujols, heldur er einnig hægt að velja á miðri leið um að fara að lóninu sem þekktist undir nafninu Estany Pudent. Þessi leið liggur um sögulega stígin Ses Vineyes, bugðóttan og þröngan stíg sem umlukinn er steinhleðslum á báða vegu. Þorpið Sant Ferran de ses Roques var á áttunda áratugnum áfangastaður hippa og bóhema sem komu saman á sögufræga staðnum Fonda Pepe sem enn er opinn. Þessi frjállegi andi, í senn skapandi og líflægur, er enn við lýði á mörkuðunum sem settir eru upp þar á hverju kvöldi yfir sumarímann, nema á miðvikudögum og sunnudögum.

Es Pujols er vinsælasti áfangastaður ferðamanna á eyjunni og þar eru einkenni þorpsins vel varðveitt, eins og bryggjur fiskimannana og ströndin, og mælum við með endurnærandi sundsprett. Ströndin í Es Pujols, ásamt ströndinni í Es Arenals, hefur verið aðlöguð með aðgengi fyrir fatlaða að augum. Báðar eru með hjólastólaaðgengi, skuggsælan pall, handrið, flotstóla og strandverði.

Til þess að ljúka þessari göngu stefnum við í átt að Estany Pudent, þar sem hægt er að njóta einstaks útsýnis og fuglaskoðunar, kjörin fyrir gangandi vegfarendur eða hjólandi. Þar er einnig hægt að fara eftir leið 2 að Sant Francesc eða la Savina.



# 18 SANT FERRAN DE SES ROQUES - ES PUJOLS - PUNTA PRIMA

 40 min  15 min



- FJARLÆGD: 2.600 m.
- HÆÐARMUNUR: 28 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 20
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið liggur aðallega um sa Punta, tanga sem skagar út við á milli Llevant-strandarinnar og Tramuntana-strandarinnar. Tveir möguleikar eru í boði á þessari leið, sá fyrri tengir sama þorpin í Sant Ferran de ses Roques og Es Pujols og tengist um leið lokakafli leiðar 20, en sá seinni er sá eini sem leiðir að varðturninum á Punta Prima.

Við leggjum upp frá Sant Ferran þar sem hægt er að skoða aðaltorgið og kirkjuna sem stendur við það. Við förum í átt að Es Pujols eftir rólegum stíg á milli hlaðinna steina sem girða af jarðar og akra. Ef við förum að strandarbænum Es Pujols getum við notið frábærrar strandarinnar og göngu eftir strandlengjunni þar sem finna á marga veitingastaði sem og litla sölubása seinni part dags.


Ef við viljum fara að turninum, þarf að snúa við þangað til komið er að afleggjaranum. Varðturninn á Punta Prima er virki sem byggt var á milli 1762 og 1763 og gnæfir hann yfir norðurhluta eyjarinnar. Til þess að ljúka göngunni mælum við með því að gengið sé alla leið út á Punta Prima: undir fótum okkar er þá óvenjulegir rauðir klettar, með forvitnilegum myndunum sem storka ímyndunaraflinu. Frá mikilfenglegum hömrunum á Punta Prima heillar okkur einstakt útsýnið: til vesturs Eivissa, S'Espalmador og eykrilið Espardell og til austurs er La Mola-sléttan og Tramuntana-ströndin.





## 19 ES PUJOLS - SES ILLETES

 90 min  no apta



- FJARLÆGD: 4.600 m.
- HÆÐARMUNUR: 5 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Erfitt
- TENGLAR: 1
- ÁHUGAVERÐIR STADIR:



Es Trucadors-svæðið á norðurhluta eyjarinnar er stór sandtunga sem teygir sig frá suðri til norðurs. Sandtungunni deila Llevante-ströndin á austurhlíðinni, og Ses Illetes og Es Cavall d'en Borrás á vesturhlíðinni. Fjögurra kílómetra ganga gefur okkur færi á að kynnst þeim öllum.

Á Llevante-ströndinni er hvítur finn sandur með litlum klettum inn á milli. Yfir sumartímann ræður austanvindurinn ríkjum og þess vegna getur verið ágætur öldugangur við þessa strönd. Aftur á móti er Illetes í hvarfi sandhólanna og þar er sjór yfirleitt spegilsléttur, skreyttur með litlu eyjunum sem hún dregur nafn sitt af.

Allt þetta svæði er innan Ses Salines-náttúruverndarsvæðisins og þess vegna er ekki mikið um búðir, þær fáu sem þar er að finna eru einu byggingarnar á öllu svæðinu. Ströndin er svo gott sem ósnortin. Eftir því sem við förum norðar stytst á milli strandanna, þær eru í aðeins nokkurra metra fjarlægð frá hvor annarri svo hægt er að teygja vel úr handklæðinu og njóta þeirra beggja samtímis. Í aðeins 50 metra fjarlægð frá landi er önnur eyja, sem jafnast á við Illetes í fegurð. Það er S'Espalmador.

## 20 ES PUJOLS - ES CA MARÍ



- FJARLÆGD: 5.100 m.
- HÆÐARMUNUR: 34 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 15, 18, 21, 22
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:




Á þessari rétt um 5 kílómetra leið tengjast strandir tvær, Llevant og Migjorn, eftir beinni línu sem liggur frá Es Pujols til Ca Mari. Í einni gönguferð er hægt að njóta fjölbreytts landlags, allt frá kristlatæru ströndinni í Es Pujols að villtri umgjörð Migjorn, og á leiðinni er farið um uppsveitir eyjunnar. Auk þess eru á þessari leið nokkrar menningarmínjar, eins og bryggjurnar í Es Pujols, hlöðnu steinveggirnir og varðturninn í Es Pi des Català.

Göngueiðin hefst í vinsæla ferðamannabænum Es Pujols, með fiskimannakofunum sem minna á fyrri tíma, fyrir tíma ferðamanna. Engu að síður er aðal aðdráttaraflið einstök ströndin með sínum hvíta sandi, rauðum klettamyndunum og eyjukrílunum sem sjá má gægjast upp úr hafinu. Leið okkar liggur í suður, eftir stígum fjarri öllum skarkala sem liggja um ólíkar uppsveitirnar. Að lokum komum við að Es Ca Mari, sem er önnur tveggja stærri stranda eyjunnar, Migjorn-ströndin. Nálægt henni er að finna einn af varðturnunum fimm, Es Pi des Català, þar sem hægt er að njóta stórkostlegs útsýnis yfir höfðanna Es Cap og La Mola.



## 21 SANT FERRAN - CALA EN BASTER - PLATJA DE MIGJORN

 65 min  20 min



- FJARLÆGD: 4.200 m.
- HÆÐARMUNUR: 38 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 15, 20
- ÁHUGAVERÐIR STADIR:



Sá sem þekkir litlilega til á Formentera getur ábyrgst að einn af sérstakari stöðum eyjunnar er Cala en Baster. Um er að ræða skjól fiskimanna inn á milli kalkhamranna þar sem athygli vekja hefðbundnu bryggjurnar sem enda í hellum sem grafnir eru í steininn. Til þess að komast að þeim leggjum við upp frá Sant Ferran de Ses Roques, þar sem einnig er hægt að skoða kirkjuna, torgið og hina goðsagnakenndu Fonda Pepe, hippastaðinn frá áttunda áratugnum. Frá Sant Ferran beinum við förrinni að Tramuntana-ströndinni sem er norðanmegin á eyjunni og er aðallega sett lágum klettum. Cala en Baster sem er við enda leiðarinnar kemur á óvart vegna hæðar klettanna, tærleika vatnsins og hrikalegra klettamyndana sem vindurinn hefur sorfið í kalksteininn. Þar leynast einnig hellabryggjurnar. Leið okkar liggur í suður um sveitavegina þar sem við getum notið dæmigerðra einkenna eyjunnar, eins og stöðum styrkt fikjutrén, dýrahrjóða og matjurtagarða íbúanna sem afmarkaðir eru með steini hlöðnum veggjum. Á endanum komum við á Migjorn, lengstu strönd eyjunnar eða 5 km, sem er í laginu eins og hálfmáni og nær yfir alla suðurströndina.

## 22 SANT FERRAN DE SES ROQUES - ES CA MARÍ

35 min 10 min



- FJARLÆGD: 2.300 m.
- HÆÐARMUNUR: 17 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 15, 20
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi gönguleið, sem aðeins er um 10 mínútna löng ef farið er á hjóli eða um hálf tími á léttri göngu, tengir Sant Ferran de Ses Roques við ströndina í Es Ca Marí. Hún liggur eins og vegurinn um dæmigerðar uppsveitir Formentera en er þó mun beinni. Á leiðinni er hægt að skoða eitt sérstakasta einkenni sveitarinnar, steini hlöðnu veggina. Þeir gegna ýmsum hlutverkum eins og að afmarka svæði sem ætluð eru fyrir mismunandi notkun og jarðir, vernda gróður fyrir vindi og ágangi dýra, og nýta steina sem falla af þegar akrar eru undirbúnir undir ræktun. Þegar allt kemur til alls eru steinveggirnir vitnisburður um það hvernig maðurinn hefur umbreytt og skipulagt umhverfið í gegnum árin með því að nýta þau úrræði sem umhverfið býður upp á; steininn.

Þegar haldið er áfram á leið til Migjorn-strandarinnar er komið að einum af varðturnunum sem eru við ströndina, Es Pi d'es Català-turninum. Eins og allir fimm turnarnir kom hann að haldi til þess að vara við sjóræningjum og er hann staðsettur á hernaðarlega mikilvægum stað í beinni sjónlínu við Es Cap-turninn.





## 23 ES CARNATGE - ES ARENALS

 25 min  10 min



- FJARLÆGD: 1.500 m.
- HÆÐARMUNUR: 16 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlung
- TENGLAR: 15
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Á þessum hluta eyjarinnar er aðeins um tveir kílómetrar á milli Tramuntana-strandarinnar og Migiorn-strandarinnar. Hún hefst 1.1 kílómetra frá veginum og tengir Es Carnatge við Es Arenals-ströndina. Svæðið við Es Carnatge einkennist af ósnortinni og rólegri náttúru, nálægt litla fiskimannapörpinu Es Caló de Sant Agustí. Gangan liggur um malbikaðan veg á milli íbúðahúsa, matjurtagarða og túna með dýrahjörðum, styrktum fíkjutrjám og steinhleðslum. Skógurinn sem er á lokakafli leiðarinnar opnast út að hafinu þar sem Es Arenals-ströndin tekur á móti okkur, en hún er ein af vinsælustu ferðamannastöðunum vegna fegurðar og góðs aðgengis. Tveir litir einkenna þessa strönd, tær túrkislitur sjávarmálsins og hvítur sandurinn, sem ströndin dregur nafn sitt af. Auk þess er dýpi ekki mikið við ströndina og þess vegna er hún kjörin til þess að eyða eftirmiðdegi með fjölskyldunni. Á þessu svæði er mikið af hótélum og afþreyingu.

Í Es Arenals, ásamt Es Pujols, er besta aðgengið fyrir fatlaða. Báðar er þær útbúnar römpum, skuggsælum pöllum, handrið, flotstólum og strandvörðum. Auk þess er í Es Arenals að finna salerni með aðgengi fyrir fatlaða og bilastæði.

## 24 ES CALÓ - MARYLAND



25 min



10 min




- FJARLÆGD: 1.400 m.
- HÆÐARMUNUR: 29 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 15
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Á austurhluta strandarinnar, áður en farið er upp La Mola, eru strandirnar mjög nálægt hvor annarri. Göngueið 24 tengir Tramontana-ströndina við suðurströndina og er hún brött á köflum. Lagt er af stað frá Es Caló de San Agustí, þar sem bryggjur fiskimannanna eru, og farið sem leið liggur eftir stígnum sem liggur meðfram skóglendi furu- og einitjáa þangað til komið er að Es Copinar, einni af síðustu ströndunum við Migjorn. Þetta er mjög róleg strönd, með tæru vatni og hvítum sandi á milli rauðleitra kletta. Þegar við erum komin fram hjá hótélunum komum við að fjölskylduvænum stöðum sem bjóða upp á hefðbundin mat og eina af sérstökustu og upprunalegustu strandarbúðum eyjunnar, í nokkura metra fjarlægð frá sjó og með óviðjafnanlegu útsýni. Ef gengið er fimm mínútur í viðbót í ött að La Mola getum við farið eftir leið 25, stígnum sem var áður fyrr notaður til þess að fara upp á Pilar de la Mola, þegar Sa Pujada-vegurinn var ekki kominn til sögunnar.



## 25 ES CALÓ DE SANT AGUSTÍ - EL PILAR DE LA MOLA



- FJARLÆGD: 4.000 m.
- HÆÐARMUNUR: 161 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Erfitt
- TENGLAR: 15, 26, 32
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Það sem er sérstakt við þessa gönguleið er að hún leiðir okkur eftir endilöngum sögulegum stig sem notaður var áður fyrir til þess að komast upp á La Mola, og er þekktur undir heitinu Camó de Sa Pujada. Við leggjum upp frá Es Caló, litlu hefðbundnu fiskiporpi með yndislegri bryggju sem heillar hvern sem á litur, um vetur sem sumar. Viðarbryggiurnar sem notaðar eru til þess að verja smábátana fyrir ágangi sjávar eru yfirlýstar menningarmínjar síðan 2002. Við byrjum á því að ganga upp Camí de Sa Pujada sem notaður var áður en vegurinn var lagður. Eftir því sem við nálgumst La Mola-sléttuna tekur besta útsýni eyjunnar á móti okkur, yfir Racó de Sa Pujada og Pou des Verro. Þessi ganga sameinar menningarmínjar og náttúru, steina og haf, fortið og nútíð.

Þegar við komum upp á La Mola-sléttuna, höldum við áfram sem leið liggur um vínaættarbúgarðinn Bodega Terramol. Upphaf vínræktar á eyjunni má rekja til 18. aldar, þegar Guillem de Montgrí gaf munkunum sem komu Santa María-klaustrinu á legg vínvið, en klaustrið er staðsett á hæsta stað La Mola-sléttunnar. Göngunni lýkur í porpinu El Pilar, en þaðan liggja sjö nýjar leiðir til þess að kynast La Mola betur.



## 26 RACÓ DE SA PUJADA - ES RAM



- FJARLÆGD: 2.400 m.
- HÆÐARMUNUR: 87 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Erfitt
- TENGLAR: 25, 27
- ÁHUGAVERÐIR STADIR:



Það sem einkennir gönguleið 26 er hversu brött hún er, og þess vegna mælum við með því að hún sé farin gangandi, nema þá fyrir hjólreiðafólk sem vant er ójöfnu undirlagi og bröttum hliðum. Lagt er af stað frá Racó de Sa Pujada upp í móti en þegar farið er yfir veginn hallar stigurinn niður á við. Farið er um skóglendi áður en komið er að sjónum. Þegar komið er til Es Ram sést yfir á Es Cap-tangann, ef við þírum augun getum við greint fyrir litlum vita. Í Es Ram er einnig hægt að skoða hlunnana sem notaðir eru til þess að draga smábáta úr sjó og skjólin sem verja þá fyrir ágangi sjávar. Hlunnarnir kallast „escars“, og eru bátarnir dregnir eftir þeim við sjósetningu. Oft er komið upp skjóli úr greinum og viði til þess að verja bátinn gegn sól og regni.

Eftir stuttan gang í vesturátt komum við að Es Caló des Mort, litilli en yndislegri vik þar sem heppnir gestir geta baðast.



## 27 EL PILAR DE LA MOLA - S'ESTUFADOR - ES RAM

 85 min  no apta



- FJARLÆGD: 4.200 m.
- HÆÐARMUNUR: 138 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Erfitt
- TENGLAR: 26, 32
- ÁHUGAVERÐIR STADIR:



Þessi gönguleið er rétt um fjórir kílómetrar, og hún sker sig úr að því leyntu til að farið er um skóg sem á það til að koma á óvart. Gæði ferðarinnar felast ekki aðeins í því að farið er burt úr skarkalanum og ferðamannastrauminum, heldur gefst færi á að sjá mismunandi landslag í einni ferð. Lagt er upp frá kirkjunni í Pilar de La Mola, og gengið í gegnum flatlend ræktarlönd. Við höldum áfram í gegnum skóg með ójöfnu undirlendi, þar eru skorningar og farvegir sem veita regnvatni niður að sjá. Þegar komið er út úr Miðjarðarhafs-skóginum sem einkennir La Mola-sléttuna, komum við að lokum að s'Estufador, þar sem landslagið breytist, við taka kenjöttir klettur úr kalksteini. Kalksteinninn er auðsorfinn og auðvinnanlegur og var áður fyrr mikið notaður í byggingarefni.

Ef við höldum áfram meðfram sjónum, komum við að þröngum stig sem leiðir okkur að Es Ram.



## 28 EL PILAR DE LA MOLA - PUNTA ROJA



45 min



15 min



- FJARLÆGD: 2.600 m.
- HÆÐARMUNUR: 48 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR: 29, 32
- ÁHUGAVERÐIR STADIR:



Hin táknræna mylla, Moli Vell de la Mola, er aðalstjarna þessarar leiðar sem liggur um suðausturlhuta La Mola og lýkur með stórkostlegu útsýni yfir hafið við Punta Roja. Lagt er upp frá þorpinu Pilar de La Mola og farið eftir merktum stíg að Moli Vell. Myllan er ein af sjö myllum sem byggðar voru á Formentera og ein af þremur elstu myllum eyjarinnar, og er hún án efa ein af þeim best varðveittustu. Hún var byggð 1778 og að innanverður er hún í upprunalegu ástandi, þökk sé alúð og eljusemi fyrri eigenda. Hægt er að skoða hana yfir sumartímann. Áður fyrr kölluðust myllurnar „blóðmyllur“ því þær voru knúnar með dýraafli, og er það elsti mátinn til þess að vinna hveiti. Seinna meira var vindurinn beislaður og nýttur í stað dýra.

Þegar myllan er að baki liggur leiðin um ræktarlönd og eftir slóða sem sem liggur í gegnum skóg þar sem byggð er á við og dreif, og leiðir hann okkur að áfangastaðnum, hömrinum á Punta Roja. Þar er hægt að njóta stórkostlegs útsýnis.





## 29 EL PILAR DE LA MOLA - FAR DE LA MOLA

 35 min  10 min



- FJARLÆGD: 2.400 m.
- HÆÐARMUNUR: 28 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 28, 32
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Til þess að komast sem beinustu leið frá Pilar de La Mola að vitanum án þess að fara um veginn er að fara gönguleið 29. Þessi leið er jafnframt ávísun á að ferðast 100 ár aftur í tímann. Sveitalandslag, návist búfenaðar og hús á vinstri hönd sem kemur á óvart, en það er á lista yfir menningarminjar eyjarinnar. Dæmigerð einkenni eru afar vel varðveitt: yfirbyggð veröndin, þykkir veggirnir og gluggarnir litlu, steini hlaðnir múrar með 90° réttum hornum eru dæmi um einfaldan og hefðbundinn arkitektúr sem tekur mið af umhverfinu.

Leiðin liggur í gegnum sveitirnar þangað til komið er að vitanum á La Mola, sem er á austurenda eyjarinnar, við hamrana. Margir ferðamenn telja staðinn töfrum gæddan, eins og viti við endamörk heimsins. Til hliðar við hann er minnisvarði sem reistur var í minningu Jules Verne en hann skrifar um vitann í bókinni "Hector Servadac, viajes y aventuras a través del mundo solar". Ótrúlegt útsýni er frá hömrunum við La Mola setja punktinn yfir i-ið á þessari ógleymanlegu göngu.



## 30 EL PILAR DE LA MOLA - ES MONESTIR

45 min 15 min




- FJARLÆGD: 2.700 m.
- HÆÐARMUNUR: 60 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Miðlungs
- TENGLAR:: 32
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Lagt er upp frá sjálfu torginu í Pilar de La Mola, þar sem hægt er að skoða litla kirkju sem tileinkuð er Virgen del Pilar. Lokið var við byggingu þessarar einföldu og fallegu sóknarkirkju 1784, vegna beiðni sóknarbornanna sjálfra sem höfðu óskað eftir eigin kirkju frá árinu 1760. Þetta er eina kirkjan sem hefur að státa yfirbyggða verönd til þess að verja innganginn og var hún talin til menningarverðmæta vegna sögulegt verðmætis 1996.

Eftir þorpið tekur við landbúnaðarhérað með dreiföri byggð þar sem athygli vekja vatnsprær til þess að safna regnvatni sem komu að góðum notum á eyjunni, þar sem engar ár eru til staðar né uppsprettur með fersku vatni. Vatnsprænar eru niðurgrafnar með bogahvelfingu og voru hvelfingarnar einnig kapellur til verndar þeim, og er það einkenni vatnspræna eitt af menningarlegu sérkennum eyjarinnar. Margar af vatnsprónum eru frá 18.öld. Þessari sveitasælu lýkur við ströndina, nærri Punta des Llencó, þar sem hægt er að sjá glitta í Eivissa.





## 31 EL PILAR DE LA MOLA - SA CALA



20 min



8 min



- FJARLÆGD: 1.500 m.
- HÆÐARMUNUR: 16 m.
- ERFIÐLEIKASTIG: Létt
- TENGLAR: 32
- ÁHUGAVERÐIR STAÐIR:



Þessi göngueið liggur um landbúnaðarsvæði; steinhleðslur, búfenað og hefðbundnar byggingar fylgja okkur á göngu okkar, einnig getum við virt fyrir okkur vinnu og vatnsþræ. Að lokum nálgumst við norðurströndina við La Mola-sléttuna þaðan sem við getum notið útsýnis að Eivissa, S'Espalmador-eyjunnar, sem er norðvestur af Formentera, og smáeyjanna Espardell og Espardelló.

Að lokum er hér ein uppástunga til þess að ljúka ferðinni: á miðvikudögum og sunnudögum frá klukkan fjögur til sólarlags er handiðnaðarmarkaður La Mola opinn gestum og gangandi. Þetta er mikilvægur staður fyrir listamenn sem berjast við að viðhalda sál og krafti markaðarins, sem er frá 1984, með því að sýna, selja og efla staðbundna list, og um leið finna annarskonar lífstíl farveg. Lífgað er upp á þetta einstaka rými með lífandi tónlist sem gefur því gleðilegan hátíðarbrag sem ekki má missa af.



## 32 PLA DE LA MOLA

185 min 60 min



- FJARLEGD: 12.300 m. · HÆÐARMUNUR: 70 m.
- ERFIDLEIKASTIG: Létt · TENGLAR: 25, 27, 28,
- ÁHUGAVERÐIR STADIR: 29, 30, 31



Þessi gönguleið er sú lengsta í græna hringnum eða yfir 12 kílómetra löng. Hún gefur okkur kost á því að kynna La Mola-sléttunni í heild sinni og er ætluð fyrir hjólréiðar, þar sem aðgengi er afar gott. Þessi leið er afar fjölbreytt: ræktarlönd, uppsveitir, vinnrækt og skóglendi, og einnig er farið að strandlengjunni þar sem hægt er að njóta stórkostulegs útsýnis. Á stöku stað er farið um sögulegar leiðir sem aldrei hefur verið hnikað við og um sumu hafa bílar aldrei farið um. Á leiðinni er einnig hægt að skoða áhugaverðustu staði sléttunar: vitann, kirkjuna í El Pilar, vinnræktina í Bodega Terramoll og handverskmarkaðinn sem er opinn á miðviku- og sunnudagskvöld frá maí fram í október.

Það eru margir sem segja La Mola „vera eyju út af fyrir sig“, vegna þess að hún hefur að geyma bæði sérstakt landslagi og karakter. Leið 32 gefur okkur tækifæri á að skilja til fulls þessa skoðun, en líka að njóta ósnortinnar náttúru, fjarri skarkala háannatíma ferðaiðnaðarins, Formentera fyrri daga.









# Formentera

Illes Balears



Sergio Torres Costa



Consell Insular  
de Formentera

[www.formentera.es](http://www.formentera.es)



G VICEPRESIDÈNCIA  
O I CONSELLERIA  
I INNOVACIÓ,  
B RECERCA I TURISME  
/ AGÈNCIA TURISME  
ILLES BALEARS